

Nd.

350. Nefndarálit

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 46 13. júní 1937, um samvinnufélög.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. og leggur til, að það verði samþykkt með eftirfarandi

BREYTINGUM.

1. Við 1. gr. Síðasta málsl. skal orða svo:
Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félagsdeilda við félag, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum deildanna við félagið.
2. Við 2. gr. Niðurlag greinarinnar skal orða svo: ... á sambandsfund, eftir tölu félagsmanna. Heimilt er þó að ákveða, til þess að tryggja viðskipti félaga við samband, að fulltrúatalan fari jafnframt eftir heildarvöruskiptum félaganna við sambandið.

Alþingi, 26. apríl 1938.

Bergur Jónsson,
form., frsm.

Vilm. Jónsson,
fundaskr.

Thor Thors.

Garðar Þorsteinsson.